

# Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga -leiðin til virkrar samfélagsþátttöku

Gyða Hjartardóttir og Tryggvi Þórhallsson  
Samband íslenskra sveitarfélaga  
Vesturbyggð, 22. maí 2014



# Ný skýrsla um fjárhagsaðstoð




# Bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 16. maí 2014.


- \* Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga beinir því til velferðarráðherra að frumvarp verði lagt fram strax í upphafi haustþings 2014, þar sem heimildir sveitarfélaga til að setja skilyrði um virkniúrræði verði lögfest. Afar brýnt er að sveitarfélögin hafi skýra lagastoð til þess að forða ungu fólki frá því að lenda varanlega á framfæri hins opinbera og er mikilvægt að sveitarstjórnir finni fyrir stuðningi af hálfu ríkisstjórnarinnar við að takast á við þetta vandamál, sem því miður fer enn vaxandi. Jafnframt ítrekar stjórnin vilja sinn til þess að taka upp formlegar viðræður við ríkið um að fá hlutdeild í tryggingargjaldi til þess að fjármagna aukin útgjöld sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar og virkniúrræða.



# Veruleg auking útgjalda vegna fjárhagsaðstoðar



# Fjölgun á fjárhagsaðstoð



# Virk samfélagsleg þátttaka

- \* Faglegur ávinningur yrði mikill.
- \* Valdefling og virkni ekki ný hugtök í félagsþjónustunni.
- \* Fjárhagslegi ávinningurinn yrði sá að fjármagnið færi þangað sem þörfin væri mest.
- \* Skilyrðingum beitt allstaðar í löndunum í kring um okkur.
- \* Endurskoðun á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.



# Forsendur fjárhagsaðstoðar í Svíþjóð

- \* Kom í lög 1998 (75% svf. nýta heimild til skilyrðinga).
- \* Sambærilegt kerfi og á Íslandi þegar kemur að atvl.b. og fjárh.aðst.
- \* Miklar kröfur til þeirra sem fá fjárhagsaðstoð um virkni.
- \* Dómur féll 1995 um að einst. sé skyldugur til að taka þátt í því sem fél.þj. býður upp á.
- \* Hnykktt á skilyrðingum/hvata til vinnu árið 2012, þar sem fjárhagsaðstoðin á að gera einst. hæfari til að framfæra sig og sína til framtíðar.
- \* Hægt að lækka eða fella niður fjárhagsaðstoð.



# Nýjar áherslur í Svíþjóð

- \* Nýjar breytingar 2013, gulrótin kemur inn.
- \* Sá sem hefur verið á fjárhagsaðstoð í a.m.k. 6 mánuði þarf ekki að reikna 25% vinnutekna með í útreikningum fyrir þörf á fjárhagsaðstoð.
- \* Hægt að krefjast að sá sem fær fjárhagsaðstoð á ákveðnu tímabili skuli taka þátt í starfsnámi eða annarri starfsemi sem eykur hæfi viðkomandi ef honum hefur ekki boðist vinna eða vinnumarkaðstengd aðgerð.





# Ný sýn í Danmörku

- \* Fjárhagsaðstoðin hefur verið lögð niður í því formi sem hún hefur verið til margra ára.
- \* Lögð áhersla á menntun til allra.
- \* Aldurstakmörk felld út.
- \* Markmiðið að hæfa fólk til samfélagslegrar þátttöku.
- \* Hópnunum skipt í tvennt; þeir sem eru geta farið beint í nám og svo þeir sem þurfa ákveðna hæfingu til þess að falla í fyrri hópinn.
- \* Viðbótarstuðningur vegna menntunar.
- \* Vinnufærir aðstoðaðir við að komast í vinnu.



# NAV í Noregi

- \* NAV – samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga.
- \* Skilyrðin skulu vera hófleg og ekki íþyngjandi.
- \* Leitast við að setja skilyrði í samvinnu við notanda.
- \* Markmiðið með skilyrðingunum er m.a.
  - \* að efla notandann til sjálfshjálpar.
  - \* að leitast við að gera hann hæfari til að afla sér lífsviðurværis á annan hátt en með fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu.



# Mat á gagnsemi skilyrðinga í Noregi

- \* Stærsti hópurinn er ungir notendur, innflytjendur og langtímanotendur.
- \* Fagfólk á einu máli um að notendur eigi að vera virkir þegar kemur að skilyrðingum.
- \* Sterkt samhengi á milli samvinnu við notanda og gagnsemi skilyrðinga.
- \* Einstaklingurinn verður ábyrgari og sjálfsmyndin styrkist.
- \* Eftirlit og eftirfylgd forsenda skilyrðinga.
- \* Rannsókn á beitingu skilyrðinga í Noregi 2013.



# Þýskaland

- \* Ný rannsókn á virkni skilyrðinga hjá hópi ungra notenda fjárhagsaðstoðar.
- \* Fjallað um slæmar afleiðingar þess að vera langtímum saman á fjárhagsaðstoð.
- \* Samanburður á vægum (10% skerðing) og verulegum skilyrðingum (veruleg skerðing).
- \* Afgerandi niðurstaða er sú að skilyrðingar virka.
- \* Áhrifin þó meiri við beitingu verulegra skilyrðinga.
- \* Að beita mildum skilyrðingum í fyrsta sinn hefur einnig mikil áhrif.



# Lagavinnan framundan

- \* Gulrót / svipa
- \* Hvernig er grunnurinn skilgreindur?
- \* Leiðbeinandi reglur
- \* Innbyggðir tímabundnir hvatar



# Hversu langt má ganga?

- \* Frumvarpsdrögin frá febrúar 2013 unnin áfram
- \* Framfærslustyrkur
  - \* Skerðing í tvígang
  - \* Nýtt mat áður en frekari skerðing
- \* Heimildargreiðslur
  - \* Skerða má í sex mánuði
  - \* Engin skerðing á greiðslur v. barna
- \* Eru þetta „strangar“ skilyrðingar?



# Aldurstengingar

- \* Nágrannalönd: Verkefni fara af stað með áherslu á unga viðtakendur
- \* Þróunin er sú að hverfa frá því að skilyrðingar séu bara fyrir yngsta hópinn
  - \* Matið er allsstaðar grundvallaratriði
  - \* Litið til aldurs umsækjanda við mat á aðstæðum hans
- \* Nálgun Hafnarfjarðarbæjar er í fullu samræmi við þessa þróun



## Áfram!

Ný tækifæri í Hafnarfirði

Virðing – Vinna – Virkni



# Hlutastörf

- \* Nálgun Hafnarfjarðarbæjar:
  - \* Tilboð um hlutastarf (66% hlutfall) sem skilar viðtakanda að meðaltali 165 þ.kr. í mánaðarlaun
  - \* Svíþjóð: Áhersla á fullt starf við hæfi viðkomandi
  - \* Efnahagsástandið hefur haft áhrif á þessa þróun í nágrannalöndunum





# Fíkn / heilbrigðisvandi

- \* Er hægt að skikka umsækjendur til þess að leita sér aðstoðar?
- \* Í Noregi beita NAV-skrifstofur því skilyrði að umsækjandi leiti til læknis
- \* Skerðingarákvæði eru í reglum sveitarfélaga um áfengis- og vímuefnavanda
- \* Þurfum við aðra nálgun?



# Gagnkvæm framfærsluskylda

- \* DK: Framfærsluskylda hefur verið víkkuð út
  - gagnkvæm milli sambúðarfólks
- \* Sjá má svipaða þróun hérlendis:
  - \* Hugmyndir um húsnæðisbætur ganga út frá því að heimilið verði viðtakandinn
  - \* Í málefnum innflytjenda er byggt á „tryggri framfærslu“
  - \* Hvenær er maður á framfæri ríkisins?
    - fangar og vistfólk af ýmsum toga



# Nýting fjármuna

- \* Markmið breytinga er að lækka útgjöld sem renna til greiðslu framfærslustyrks
- \* Því sem sparast má verja til þess að:
  - \* Skapa störf
  - \* Tryggja tímabundna hvata fyrir umsækjendur
  - \* Efla starfskrafta í félagsþjónustunni

